



Niðurstöður útboðs nr. 16088 - Rammasamningur um kjöt og kjötvörur

Þann 25. febrúar 2025 s.l. voru opnuð tilboð vegna útboðs Reykjavíkurborgar um kaup á kjöti og kjötvörum á EES. Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboði:

Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboði:	
1	Esja Gæðafæði
2	Sláturfélag Suðurlands svf.
3	Matvex ehf.
4	Kjarnafæði Norðlenska
5	Kjöthúsið ehf.

Í skilmálum útboðsgagn kemur fram að samið verði við þá aðila sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í útboðsgögnum. Æskilegt var að bjóða sem flestar vörur í tilboðsskrá en ekki var nauðsynlegt að bjóða allar vörur til að eiga gilt tilboð. Kaupendum Reykjavíkurborgar ber að beina viðskiptum sínum til þess rammasamningsaðila sem býður lágsta verð hverju sinni.

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar hefur farið yfir tilboðin sem bárust og uppfylla allir lágmarkskröfur útboðsgagna, bæði tæknilegt og fjárhagslegt hæfi.

Skrifstofur fjármálaþjónustu og ráðgjafar leggur því til að samið verði við alla aðila sem skiluðu tilboði þ.e. Esja Gæðafæði, Sláturfélag Suðurlands svf., Matvex ehf., Kjarnafæði Norðlenska og Kjöthúsið ehf.

Gildistími samnings er fjögur ár frá því að samningur kemst á. Hægt er að segja samningi upp með þriggja mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi níu mánuðum eftir gildistöku samnings.

Virðingarfyllt,

Vignir Már Sigurjónsson
Fjármála- og áhættustýring

Samrit:
Hjálagt:

